Fundagerð
Menningarnefndar Snæfellsbæjar 12.10.2026
Fundur settur klukkan: 17:00

Mættir:
Aðalmenn
Máni
Jóhannes
Karítas
Margrét - ritari
Arnheiður
Heimir Berg sem fulltrúi Snæfellsbæjar

Féló (Afdrep) ætlar að halda Hrekkjavöku **fyrir** menningarnefndina og okkar tillaga er að halda í Röstinni.
Þrautabraut / draugahús. Ætlað fyrir eldri leikskólabörn og grunnskólaaldur.
Dóra forstöðumanneskja Féló ákveður dagsetningu með tilliti til haustfrís skólanna.
Fimmtudagurinn 5.nóvember var ákveðinn sem dagsetning Hrekkjavöku.
Einhverstaðar eru skreytingar til : Heimir Berg tekur að sér að reyna finna út
úr því (þær voru geymdar í átthagastofu).

Rætt um styrki menningarnefndar og hvernig þeir skulu auglýstir.
Ákveðið að auglýsa menningarstyrki inn á heimasíðu Snæfellsbæjar og í Jökli til að fá formlegar umsóknir svo allir hafa jafnan aðgang að styrkjunum. Heimir Berg mun klára það dæmi.

Leikfélagið Lauga hefur nú þegar sent inn umsókn. Nefndin ákvað að styrkja þau um upphæð: 150.000.- eins og hefur verið gert fyrri ár.

Rætt er um ljósmyndasýningu bryggjulífsins í Ólafsvík sem fyrri menningarnefnd var byrjuð að vinna að en stoppaði á vegna kostnaðarsamra undirstöðu.

Hugmyndavinna: Væri hægt að setja á einhvern vegg? Eða nota eitthvað annað en forsteypta sökkla? Setja upp sýninguna á grjót í varnargarðinu við flotbryggjuna? Endurnýta eitthvað efni?
Máni ætlar að athuga hjá Smiðjunni hver væri kostnaður við þessa sökkla er.
Setja upp skilti með myndunum hjá palli/rampi sem er hjá smábátahöfnina.
Nefndin ákvað að næsti fundur verður við námunda við bryggjuna í Ólafsvík svo við getum gengið um bryggjusvæðið og fundið hentugan stað fyrir ljósmyndasýningu sem nefndin vill setja upp fyrir Sjómannadaginn 2027.

Heimir ætlar að finna ljósmyndirnar sem voru komnar inn í þetta verkefni.
Fundi slitið klukkan: 18:14